

FJARÐAR fréttir

Fimmtudagur 5. október 2017 | 35. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði



dagar til laugardags

*Lifandi
laugardagur*

Andlitsmálun



Sigga Kling
verður í Firði
föstudag kl. 16-18




Jólamarkaður
2. hæð
30-70% afsláttur

FJÖRÐUR



TAX FREE dagar

FJÖRÐUR



TAX FREE dagar

FJÖRÐUR



TAX FREE dagar

FJÖRÐUR

Skólatilboð

Veldu um 5 rétti

1.490,-

frá 11-14 virka daga



FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 5. október 2017 | 35. töl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



VÍKING
Lettol

Allo Daga
500 ml

500 kr.!

真皇酒家 Palace Chinese Cuisine



HVERFISGATA 26

Sérlega fallegt mikið endurnýjað eldra einbýlishús á einstökum stað í miðbæ Hfj. Verð 52,9 millj.



TÚNGATA 10

Fallegt einbýli á einni hæð. Frábær staðsetning á Álftanesi. Glæsilegur garður. Verð 79 millj.



LÆKJARGATA 26

Falleg 3ja herbergja 85 m² íbúð á 1.hæð með sérinngangi í góðu fjölbýli. Verð 40 millj.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Oliulaus

Jón Arnlús
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði



Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Lestar á gúmmíhjólum

Hvernig verða vagnarnir sam aka Borgarlínuna?

Nú hefur Hafnarfjarðarbær samþykkt breytingu á svæðisskipulagi til að gefa möguleika á Borgarlínu þó enn sé óráðið hvar endanleg lega hennar

verður og hvernig henni verður komið fyrir. Þá er enn óljóst hvernir vagnar aka um Borgarlínuna þó frekar ólíklegt sé að þar fari um lestar á hjólum eins

og sést á meðfylgjandi mynd. Kynningarfundur verður haldinn fyrir Hafnfirðinga í okt./nóv. þar sem spurningum verður svarað.



Lest á gúmmíhjólum í Montreal í Kanada.

Bílaverkstæði Högna



Allar almennar bílaviðgerðir

Hjólástillingar

Trönuhrauni 2

(Hjallahraunsmegin)

sími 555 2622

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Prastarás 75



LAUS STRAX. 105,1 m² 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum og glæsilegu útsýni.

Verð 42,9 millj. kr.

Hamrabyggð 14



193,7 m² 5 herbergja einbýli á einni hæð með bílskúr í botnlangagötu við hraunjaðarinn í Hamrabyggð, glæsilegt útsýni.

Verð 69,9 millj. kr.

Engjaveilir 5B



Glæsileg 79,5 m² 2ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngang af svölum.

Verð 33,9 millj. kr.



Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiði • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Það er komin upp sérstök staða í leikskólamállum í Reykjavík vegna manneklu. Stytta hefur jafnvel þurft dvalartíma barna á leikskólum en áhugaverð tillaga kom fram um að börn tækju fæðingarorlof með foreldrum sínum. Þó tillagan sé sett fram til að leysa vandamál við mannaráðningar þá fannst mér þetta bráðsnjöll hugmynd. Það eru áratugir síðan ég var heima hálf ár með yngsta syni mínum og það var löngu fyrir tilkomu fæðingarorlofs fedra.

Það má líta á leikskóla á margan hátt. Leikskóli er í senn faglegur skóli sem er liður í uppeldi barns en er líka á vissan hátt geymslustaður fyrir börn á meðan foreldrar vinna. Án þess að gera lítið úr mikilvægi leikskóla þá fullyrði ég af minni langri reynslu að samvera fjölskyldunnar er ekki síður mikilvæg og foreldrar eru mjög færir að ala upp sín börn, enda bera þeir einir ábyrgð á uppeldi þeirra. Það er synd að þurfa að senda mjög ung börn á leikskóla, börn sem miklu heldur ættu að vera heima með foreldrum sínum og systkinum.

En auðvitað mætti þessi tillaga mikilli andspynu og fólki tók jafnvel svo djúpt í árinna að segjast ekki myndi nenna að hafa eldra systkini heima með nýfæddu barni. Já, skelfileg eru börnin ef þau eru ekki velkomin á sínu eigin heimili. Þó ung systkini geti ekki ein passað nýfædd systkini þá geta þau á margan hátt hjálpað til og myndað góð tengsl við nýfætt systkini. Bara það eitt að gefa snuð eða láta vita þegar barnið grætur getur létt á „heimavinnandi“ foreldri.

En auðvitað er ég ekki sérmenntaður í uppeldisfræðum en hef þó fengið að ala upp sex stráka með minni konu og tel mig að minnsta kosti hafa heimild til að bera mína skoðun á borð. Eyðum tíma saman með börnum okkar!

Guðni Gíslason ritstjóri.



Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 8. október

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðakirkju syngur undir stjórn Helgu Þórdísar organista.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

Hressing eftir guðspjónustur.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Fleiri fréttir á fréttavefnum

www.fjardarfrettir.is

Þú finnur fleiri fréttir og myndir á fréttavefnum www.fjardarfrettir.is, m.a. fleiri íþróttaréttir.

Ef þú lumar á íþróttaréttum og myndum, sendu þá á sport@fjardarfrettir.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 8. október

Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Unglingakórinn syngur.

Morgunmessa, skákklúbbur, TTT, markþjálfun fyrir ungt fólk, barna-og unglingakórar

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Sunnudagur 8. október:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allar sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 8. október kl. 14

Vígsla nýs safnaðarheimilis Ástjarnarkirkju

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir leiðir athöfnina.

Kór kirkjunnar syngur. Allir hjartanlega velkomnir.

Sunnudagaskólinn fellur niður.



www.astjarnarkirkja.is

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is



JOHN WAYNE 200GR



FISH AND CHIPS



PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opið alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á
www.burgerinn.is



BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



BURGER SALAT



NAUTA SIRLOIN 200GR

Sjálfboðaliða-gróðursetning

Hinn árlegi sjálfboðaliðadagur Skógræktarfélags Hafnarfjarðar verður laugardaginn, 7. október. Gróðursett verður á Beitarhúshálsi skammt frá gömlu kartöflugörðunum. Svæðið er skammt frá gatnamótum Kaldárselsvegur og Hvaleyrarvatnsvegur norðvestur af Þöll. Hefst gróðursetning kl. 10. Reiknað er með að gróðursetningin taki um tvær klukkustundir.

Plöntur og verkfæri verða á staðnum. Boðið verður upp á hressingu í Þöll að gróðursetningu lokinni. Allir velkomnir. Hvetur Skógræktarfélagið fólk til að koma og taka þátt í uppbyggjandi starfi í góðum félagskap.



Bærinn vill kaupa Skattstofuhúsið

Til nota m.a. undir vinnustað og fl. fyrir fatlað fólk

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 27. september sl. að fela bæjarstjóra að hefja viðræður við Ríkiskaup um kaup á Suðurgötu 14, þar sem Skattstofa Reykjaness var áður til húsa.

Leiði viðræðurnar til kaupsbótaðs skulu liggja fyrir tillögur um fyrirkomulag fyrirhugaðrar starfsemi í hús-

inu, þ.m.t. vinnustað og virkniúrræði fyrir fatlað fólk. Ennfremur skal liggja fyrir kostnaðarmat á lagfæringum og breytingum hússins, svo og heildarúttekt á kostnaði og fjárhagslegum og samfélagslegum ávinningi af verkefninu.

Var tillagan samþykkt með öllum 11 atkvæðum í bæjarstjórn.



Gamla skattstofuhúsið er stórt og reisulegt og stendur við hlið Tónlistarskólans.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

sími 896 6076
as@remax.is

RE/MAX
FJÖRDUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Vel heppnuð ferð Sinfóníuhljómsveitar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hélt tónleika ásamt hljómsveitinni Amandus frá Amandus Abendroth gymnasium síðastliðinn fimmtudag í Cuxhaven. Tónleikarnir voru hápunktur heimsóknar til Cuxhaven eins og fram kom í síðasta blaði.

Verkefnið var styrkt af Erasmus áætluninni og gekk að sögn Ármanns Helgasonar stjórnanda hljómsveitarinnar mjög vel, en hann fór ásamt Laufeyju Ólafsdóttur, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur og Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur með hópnum.



Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans ásamt hljómsveitinni Amandus.

27 Íslendingar og 28 Þjóðverjar tóku sjá á fréttavefnum fjardarfrettir.is þátt. Meira um ferðina og myndir má



Sjúkrahúsið St. Jósefsspítali

Framundan eru skil nefndar til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um hugsanlegar hugmyndir um þá starfsemi sem á að fara í sjúkrahúsið St. Jósefsspítala.

Hollvínasamtök St. Jósefsspítala hafa frá stofnun samtakanna 2014 barist fyrir því að heilbrigðistengd starfsemi fari í sjúkrahúsið. Það kemur fram í samþykktum og markmiðum þeirra.

Þau sveitarfélög sem koma til með að hafa sjúkrahús innan sinna sveitarfélaga koma til með að standa betur að vígi í framtíðinni við að þjónusta íbúa sína.

Brýnt er að gera betur innan heilbrigðisþjónustunnar. Síðustu alþingiskosningar snérist um heilbrigðismál og næstu kosningar koma til með að gera það líka.

Sjúkrahúsið St. Jósefsspítali var byggt sem slíkt og snerist starfsemi

þess um að sinna heilbrigðisþjónustu fyrir Hafnfirðinga og aðra Íslendinga.



Steinunn Guðnadóttir

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur ákveðið að Hafnarfjörður verði heilsueflandi samfélag.

Hafnfirðingar geta tekið forystu í ýmsum þáttum tengdum heilbrigðisstarfsemi, ef stjórnvöldum ber gæfa til að nýta sjúkrahúsið undir heilbrigðistengda starfsemi.

Vonandi hafa margar hugmyndir komið inn á borð nefndarinnar sem tengjast heilbrigðistengdri starfsemi.

Hollvínasamtök St. Jósefsspítala sem telur á annað hundrað manns í Hafnarfirði skorar á alla þá er koma að ákvörðunartöku um væntanlega starfsemi í St. Jósefsspítala að velja heilbrigðistengda starfsemi í sjúkrahúsið.

Höfundur er formaður

Hollvínasamtaka St. Jósefsspítala.



Hönnun og umbrot

bækur | blöð | ársskýrslur
auglýsingar | skilti | matseðlar
ljósmyndir | greinarskrif



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

sími 565 4513 | hhus@hhus.is | stofnað 1990

Graenir 
SKÁTAR

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Hafnarfirði eru m.a. við:
Hraunbyrgi • Fjarðarkaup • Fjörð • 10/11

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS **35.990 KR.** (Eingreiðsla)

Það gera aðeins **2.999 kr.** á mánuði.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 10. OKTÓBER 2017



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með þjálfara. Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort 24.990

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

Bjóðum upp á nýjan, stóran, glæsilegan lóðasal



Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Suðurbæjarlaug** og einnig í sund í **Ásvallalaug**. Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080

www.gymheilsa.is



Fjórir flokkar hafa valið frambjóðendur

VG, Píratar, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa valið efsta fólk á sínum listum



Bjarni



Björt



Guðmundur Andri



Jón Þór



Rósa Björk



Willum Þór

Nú liður hratt að Alþingiskosningum og keppast stjórnálagssamtök við að raða á framboðslista sína. Fjórir flokkar hafa ákveðið a.m.k. efstu menn á lista sína í S-V kjördæmi, Vinstri grænir, Píratar, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin.

Þá hefur Alþýðufylkingin tilkynnt að flokkurinn bjóði fram í Hafnarfirði auk þess sem Framsóknarflokkurinn kynnti framboðslista sinn á aukakjördæmisþingi í gærkvöldi en þegar blaðið fór í prentun hafði aðeins Willum Þór Þórsson sóst eftir því að leiða listann.

VINSTRI GRÆNIR

Rósa Björk Brynjólfssdóttir fékk yfirgæfandi meirihluta atkvæða í efsta

sæti Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi á kjörfundi í Flensborgarskóla á mánudagskvöld og Ólafur Þór Gunnarsson mun skipa annað sæti. Una Hildardóttir hreppti 3ja sætið í síðari umferð og Fjölur Sæmundsson mun skipa það fjórða.

PÍRATAR

Píratar kusu rafrænt um sína frambjóðendur og efstu á framboðslista þeirra í Suðvesturkjördæmi eru:

1. Jón Þór Ólafsson
2. Oktavía Hrunð Jónsdóttir
3. Ásta Helgadóttir
4. Dóra Björt Guðjónsdóttir
5. Andri Þór Sturluson

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Framboðslisti Sjálfstæðisflokksins var ákveðinn sl. mánudag á kjördæmisráðsfundi.

Efstu sæti skipa:

1. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra
2. Bryndís Haraldsdóttir, alþingismaður
3. Jón Gunnarsson, ráðherra
4. Óli Björn Kárasen, alþingismaður
5. Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður
6. Karen Elisabet Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi og varðingmaður
7. Kristín María Thoroddsen, flugfreyja og ferðamálafræðingur
8. Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, laganemi og varabæjarfulltrúi

9. Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, lögfræðingur
10. Hrefna Kristmannsdóttir, jarðefnafræðingur og prófessor emeritus

BJÖRT FRAMTÍÐ

Björt framtíð hefur ákveðið efsta sæti á sínum lista og þau skipa.

1. Björt Ólafsdóttir, ráðherra
2. Karólína Helga Simonardóttir, mannfræðingur
3. Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri
4. G. Valdimar Valdemarsson, framkvæmdastjóri
5. Ragnhildur Reynisdóttir, markaðsstjóri
6. Pétur Óskarsson, framkvæmdastjóri

SAMFYLKING

Framboðslisti Samfylkingarinnar var ákveðinn á þriðjudag á Kjördæmisráðsþingi í sal Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Eftirtalin skipa efstu sætin:

1. Guðmundur Andri Thorsson, rit höfundur
2. Margrét Tryggvadóttir, bókmenntafræðingur og fv. alþingismaður
3. Adda María Jóhannsdóttir, framhaldsskólakennari og bæjarfulltrúi
4. Finnur Beck, lögfræðingur og stjórnálagfræðingur
5. Sigurbjörg Bergsdóttir, vinnusálfræðingur
6. Simon Birgisson, dramatúrgur
7. Gunnar Helgason, leikari og rithöfundur
8. Steinunn Dögg Steinsen, verkfræðingur
9. Erna Indriðadóttir, fjölmiðlamaður
10. Hjálmar Hjálmarsson, leikari og leikstjóri

FRAMSÓKN

Eins og fyrr segir kynnti Framsóknarflokkurinn framboðslista sinn á aukakjördæmisþingi í gærkvöldi á þriðjudag hafði aðeins Willum Þór Þórsson boðið sig fram í fyrsta sæti.

Önnur framboð hafa ekki kynnt sína lista.

Gáfu Tækniskólanum vinnusloppa

Meistarafélag og Félag iðn- og tæknigreina styrkja iðnmenntun í Hafnarfirði




Nokkrir nemendur Tækniskólans í Hafnarfirði ásamt fulltrúum MiH og FIT.

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði (MIH) og Félag iðn- og tæknigreina (FIT) afhentu útibúi Tækniskólans, gamla Iðnskólanum í Hafnarfirði, vinnusloppa fyrir nemendurnar.

Fyrir nokkrum árum gáfu þessi félög sambærilega sloppa en þeir voru orðnir mikið notaðir og famir að láta á sjá. MIH og FIT finnst mikilvægt að aðstoða skólann, og ekki síður nemendurnar, við það að allt sé sem snyrtilegast þ.m.t. vinnufatnaður nemandans.

Bjarni Þorvaldsson kennari við skólann í Hafnarfirði tók á móti þessari höfðinglegu gjöf úr hendi Ágústs Péturssonar, formanns MIH, og Hilmar Harðarsonar, formanns FIT. Hér á

myndum má sjá flotta nemendur í þessum glæsilega vinnufatnaði sem teknar voru við afhendingu fatnaðarinnar.



Ánægðir nemendur í tréið í nýju sloppunum.



Vel heppnuð fjölskyldu álfahátíð

Hellisgerði fallett umhverfi fyrir ýmis ævintýri og skjólsæll staður

Fjölskylduhátíðin Álfahátíð var haldin í Hellisgerði þarliðinn laugardag en hún var haldin til styrktar Hugarafli.

Hvatinn að því að halda hátíðina er tilkominn vegna umræðunnar og fréttu um geðheilbrigði í þjóðfélaginu undanfarnar vikur.

Tinna Bessadóttir í Litlu Álfabúðinni í Hellisgarði sagðist vilja með hátíðinni vekja athygli á geðheilbrigði og vellíðan barna og unglunga. Dagskrá var fjölbreytt og boðið upp á fjölbreytta dagskrá á sviði og í garðinum.

Segur Tinna að hátíðin hafi gengið mjög vel og mjög góð mæting en fjölskyldufólk með börn var áberandi.

Barna mátti hlýða á Benedikt Búalf, hljómsveitina Ylju og fleiri skemmtikrafta auk þess sem boðið var upp á andlitsmálun, tásunudd og fl. Fínt var að gera í kaffihúsinu og vöflumúrin angaði.



Líðamyndir: Vignir Guðnason



ERTU AÐ NOTA STRÆTÓ Í HAFNARFIRÐI?

Boðað er til opins fundar um leiðarkerfi Strætó bs. í Hafnarfirði.

Fundurinn verður haldinn í Apótekinu í Hafnarborg þriðjudaginn 10. október kl. 19:30.

Á fundinum verður meðal annars farið yfir hugsanlegar breytingar á leiðarkerfinu og tímaætlun, rætt um kosti og galla núverandi þjónustu og gestir geta komið fram með hugmyndir að því hvernig hægt er að bæta þjónustu strætó innan Hafnarfjarðar. Segðu okkur þitt álit á þjónustu Strætó.



Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

Á kajökum frá Álftanesi í Hafnarfjörð

Kepptu um Bessastaðabikarinn á 19 kajökum af ýmsum gerðum í flottu veðri

Keppt var um Bessastaðabikarinn á laugardaginn er róðið var á 19 kajökum frá aðstöðu Kajakklúbbsins Sviða við Ósinn á Álftanesi að aðstöðu Siglingaklúbbsins Þyts í Hafnarfjarðarhöfn, um 5,5 km leið. Hafnarfjörður skartaði sínu fegursta, hásjávað var, sjólag gott og blíðskaparveður.



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson



Stoltur hópurinn með formanni Sviða að keppni lokinni.

Keppnin var endurvakin í fyrra en þá var siglt í hring umhverfis Álftanesið.

Þeir sem ekki höfðu keppt áður var veitt 7 mínútna forskot.

Voru keppendur ánægðir þegar komið var í höfn, leiðin þótti skemmtileg og kom Ólafur Einarsson fyrstur í mark á 29,15 mínútum



Einn af yngri keppendum.



Arnhórr Ragnarsson keppti á gamla góða „Lækjarskólakajaknum“.



Álftanesingar kvöddu að keppni lokinni og réru til baka heim.



Þægilegur ferðamáti.

Úrslit

FERÐABÁTAR:

sæti - nafn - tegund árar/tegund báts - tími

1. Ólafur Einarsson	Vængár/Wave 55	29:15
2. Sveinn Axel Sveinsson	Vængár/Rockpool Taran	31:10
3. Eymundur Ingimundarson	Vængár/Epic V7	31:15
4. Anton Sigurðsson	Vængár/Epic V7	31:25

KEPPNISBÁTAR:

sæti - nafn - tegund árar/tegund báts - tími

1. Gunnar Svanberg	Vængár/Epic V8 Pro	29:35
--------------------	--------------------	-------

KVENNAFLOKKUR:

sæti - nafn - tegund árar/tegund báts - tími

1. Unnur Eir Arnardóttir	Euro/Lettmann Eski	35:58
2. Erna Jónsdóttir	Euro/?	41:45
3. Eva Sigurðsson	Euro/Point 65 Whisky	55:45

www.fjardarfrettir.is

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

hafnfirski fréttavefurinn

SH-ingar Bikarmeistarar í sundi 2017

Sigrðu örugglega í karla- og kvennaflokki og í 2. deild karla

Bikarkeppni Sundsambands Íslands fór fram sl. föstudag og laugardag. Mótið var haldið í Vatnaveröld í Reykjanesbæ. Mótinu var skipt niður í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn á föstudeginum, annar hlutinn fyrri part laugardags og þriðji hlutinn seinni part laugardags.

Sundfélag Hafnarfjarðar sendi fjögur lið til keppni, eitt í 1. deild karla, eitt í 1. deild kvenna, eitt í 2. deild karla og eitt í 2. deild kvenna.

Árangur SH var glæsilegur, þrjú liðanna unnu sína deild og voru alltaf í fyrsta sæti eftir hvern hluta fyrir sig. Það var aðeins í 2. deild kvenna sem SH sigraði ekki en SH-B var aðeins 683 stigum á eftir ÍRB-B.

SH er því bikarmeistari í 1. deild karla og 1. deild kvenna ásamt því að vera bikarmeistari í 2. deild karla.

Árangurinn endurspeglar gríðarlega gott starf innan Sundfélags Hafnarfjarðar á undanförunum árum en félagið leggur mikla áherslu á barna- og unglingastarf en uppbyggingin skilar góðum árangri hafnfirsku keppendanna.



Glæsilegur hópur SH-inga sem syntu til sigurs í Vatnaveröldinni í Reykjanesbæ um helgina.



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason



Ljóm: Vignir Guðnason

ÚRSLITIN

1. deild kvenna

SH	15.894 stig
ÍRB	14.902 stig
Umsk	12.718 stig
ÍBR	11.795 stig
Ægir	9.897 stig
ÍA	2.093 stig

2. deild kvenna

ÍRB-B	10.954 stig
SH-B	10.271 stig
ÍBR-B	8.799 stig

1. deild karla

SH	14.734 stig
UMSK	13.580 stig
ÍRB	12.020 stig
ÍBR	11.505 stig
Ægir	10.863 stig
ÍA	1.825 stig

2. deild karla

SH-B	8.882 stig
ÍRB-B	6.504 stig



Ljóm: Vignir Guðnason

Miklu fleiri myndir má sjá á www.fjardarfrettir.is sem Vignir Guðnason, íþróttafréttamaður Fjarðarfretta tók.

SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu

Nytjamarkaður að Eyrartröð 5.
Föstudaga, laugardaga og sunnudaga.
Opíð kl. 13-18

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.
Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar
bílinn. Únvals Efni. Djúphreinsun. Hagstætt
verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,
ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**
Sýnishorn á siggileifa123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar standa nú yfir í Hafnarborg. Það eru sýningar „Málverk – ekki miðill“ í aðalsal safnsins og sýningin „Erindi“ í Sverrissal.

Kynningarfundur

Hafnarfjarðarbær efirir til kynningar á skipulagsáformum á lóðinni Lækjargötu 2, Dvergslóðinni, **miðvikudaginn 4. október kl. 17.** Kynningarfundurinn verður haldinn í Góðtemplarahúsinu að Suðurgötu 7.

Fundur um strætó

Hafnarfjarðarbær boðar til opins fundar um leiðarkerfi Strætó bs. í Hafnarfirði. Fundurinn verður haldinn í Apótekinu í Hafnarborg **á þriðjudaginn kl. 19.30.**

Á fundinum verður meðal annars farið yfir hugsanlegar breytingar á leiðarkerfinu og tímaætlun, rætt um kosti og galla núverandi þjónustu og gestir geta komið fram með hugmyndir að því hvernig hægt er að bæta þjónustu strætó innan Hafnarfjarðar.

Sendið tilkynningar um viðburði á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á
www.fjardarfrettir.is

Samfylkingin fær nýjan oddvita í bæjarstjórn

Gunnar Axel Axelsson ætlar ekki að bjóða sig aftur fram í bæjarstjórn

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn hefur tilkynnt á Facebook síðu sinni að hann ætli ekki að gefa kost á sér í bæjarstjórn á næsta ári og því ljóst að Samfylkingin þarf að finna sér nýjan oddvita.

Þetta tilkynnir Gunnar Axel núna þegar framboðsmál fyrir komandi Alþingiskosningar standa sem hæst en hann upplýsir jafnframt að hann sé ekki að gefa kost á sér til Alþingis en listi Samfylkingarinnar fyrir Alþingiskosningarnar var kynntur sl. þriðjudagskvöld.

„Verði ég í framboði næsta vor þá verður það nokkuð örugglega ekki heldur til setu í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Þeim kafla er lokið, a.m.k. í bili. Mögulega býð ég mig fram á öðrum vettvangi, til dæmis í foreldrafélögunum í skólum barnanna minna, til að skipuleggja næsta matarboð í æskuvinahópnum og undirbúa næstu sjálfboda-liðaferð með Palestínuhópnum mínum,“ segir Gunnar m.a. í löngum pistli sínum.

„Í rúmlega áratug hef ég verið mjög virkur í pólitísku starfi, setið í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í bráðum átta ár og tekið virkan þátt í sveitarstjórnarmálum á landsvísi sem og á vettvangi Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins. Sem aðstoðarmaður velferðarráðherra kom ég líka að landsmálunum með óbeinum hætti og hef á síðustu árum lært ótrúlega

margt og kynnst mörgu góðu og skemmtilegu fólki, allskonar fólki, á öllum aldri, úr öllum flokkum. Í gegnum pólitíska þátttöku hef ég eignast marga af mínum bestu vinum



Gunnar Axel Axelsson

og sem betur fer enga alvöru óvini.“

MINNIHLUTINN LÉT ÖLLUM ILLUM LÁTUM

„Þetta var krefjandi tímabil og minnihlutinn í bæjarstjórn lét öllum illum láttum og vildi mest af öllu að okkur mistækist að koma bænum á réttan kjöl en það tókst okkur samt og gott betur. Þó svo að uppskeran hafi ekki verið í samræmi við það í kosningunum árið 2014 þá markast sterk staða bæjarins í dag fyrst og fremst að þeirri vinnu sem fram fór á þessum tíma og var ekki alltaf til vinsælda fallin.

Við sem vorum í stafni á þessum árum lögðum okkur öll fram við að tryggja langtímahagsmuni bæjarbúa og pældum þeim mun minna í því hvort við værum að slá einhverjar keilur til skemmri tíma lítið. Allskyns yfirlýsingar um að bærinn gæti nú bara hætt að borga og látið einhverja aðra um að standa undir skuldbindingum sveitarfélagsins voru á köflum frekar þreytandi en sem betur fer slógu þær okkur ekki út af laginu. Það var samt ótrúlega ósvífinn málflutningur sem ekki á sér margar hliðstæður í sögu sveitarstjórnarmála hér á landi,“ segir Gunnar Axel í þessum ítarlega pistli sínum á Facebook.

Guðlaug forseti í framboð á Norðurlandi



Það vekur athygli að Guðlaug Kristjánsdóttir forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði leiðir lista Bjartrar framtíðar í Norðvesturkjördæmi. Björt framtíð náði ekki manni á þing fyrir N-V kjördæmi við síðustu kosningar.

TIL LEIGU



170 m² skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði
Trönuhrauni 7a Hafnarfirði
Upplýsingar í síma 899 0909

Félag Viðreisnar stofnað í Hafnarfirði

Fyrsta svæðisfélag Viðreisnar

Stofnfundur Félags Viðreisnar í Hafnarfirði var haldinn á veitingahúsinu A. Hansen, 27. september sl. Þetta er fyrsta svæðisfélag Viðreisnar sem stofnað er en undirbúningur að stofnun félagsins hefur staðið frá því í byrjun árs.

Fyrsti formaður Félags Viðreisnar í Hafnarfirði var kjörinn Jón Ingi Hákonarson.

Í tilkynningu frá félaginu segir að góður hópur hafi mætt til stofnfundarins, þar á meðal Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Þorsteinn Vígundsson,



Jón Ingi Hákonarson.

félags- og jafnréttismálaráðherra en bæði fluttu þau fundarmönnum hvatningarorð vegna komandi alþingiskosninga.

Megintilgangur félagsins er að halda uppi félagsstarfi Viðreisnar í Hafnarfirði, í samræmi við stefnu flokksins. Félagið mun annast framboð Viðreisnar í sveitastjórnarkosningum í Hafnarfirði og taka fullan þátt í kosningum til Alþingis.

Allir þeir sem styðja grunnstefnu Viðreisnar geta orðið félagar í Félagi Viðreisnar í Hafnarfirði.

RÝMINGARSALA



UTHALO.IS

Rýmum fyrir nýjum vörum

laugardaginn 7. október á milli klukkan 11-16.

- * Frábær tilboð á hlaupa- og hjólafatnaði og hjólum frá BMC.
- * Tveir fyrir einn tilboð af eldri tegundum af sokkum frá Compressport.
- * Léttar veitingar í boði.

Flatahrauni 31
Hafnarfirði

UTHALO.IS

Afsláttur á fasteignaskatti hækkar

Afsláttur á fasteignaskatti ellilífeyris- og örorkuþega mun aukast umtalsvert á komandi ári samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í síðustu viku. Tekjuviðmið verða hækkuð og fleiri njóta afsláttar. Gert er ráð fyrir að hækkun viðmiða verði um 30% umfram 11,4% hækkun á launavísitölu árið 2016.

Hjón mættu þannig hafa allt að 6.405.500 í laun til að njóta 100% afsláttar. Heildarlaun hjóna mættu nema allt að 6.851.500 til að fá 75% afslátt, allt að 7.297.700 til að fá 50% afslátt og allt að 7.742.300 til að fá 25%. Afsláttur fyrir einstaklinga er veittur frá 5.013.00 (100%) að 5.347.200 (25%)

Bæjarráð samþykkti einróma að vísa tillögunni til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fasteignaskattur var hækkaður um 21,4% árið 2016 en holræsagjöld og vatnsgjald lækkað þar sem of hátt gjald hafði verið innheimt. Þá hefur fasteignamat hækkað hratt og því óljóst hver raunbreyting verður.

Fá að byggja steinhús

Eigendur „veggjatítluhússins“ að Austurgötu 36 hafa fengið samþykktu breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina sem gerir ráð fyrir að núverandi hús verði rífið og aðeins stærra steinsteyppt hús verði byggt í staðinn.

Skipulagstillagan fer nú í grenndarkynningu og fær síðan hefðbundna meðferð í samræmi við skipulagslög.

Nýja húsið verður samsíða götulinu en ekki skakkt á lóðinni eins og núverandi hús sem Minjastofnun hefur heimilið að verði rífið. Húsið var dæmt ónýtt eftir að veggjatítlur fundust í því.

FÉLAGSFUNDUR MEÐ GUÐMUNDI ANDRA í Samfylkingarhúsinu á Strandgötu



Samfylkingarfélagið í Hafnarfirði boðar til félagsfundar næstkomandi mánudag 9. október kl. 20.00

Guðmundur Andri Thorsson, oddviti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi kynnir sig í léttu spjalli við félagsmenn.

Allir velkomnir

Guðmundur Andri Thorsson

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - ÍBV: 2-2

Þór/KA - FH: 2-0

ÚRSLIT KARLA:

FH - Breiðablik: 0-1

Handbolti:

5. okt. kl. 18.30, Austurberg

ÍR - FH, 1. deild kvenna

7. okt. kl. 17, Kaplakriki

FH - St. Petersburg HC, Evr.keppni

9. okt. kl. 20.30, Ásvellir

Haukar - Fram, Úrvalsdeild karla

10. okt. kl. 20, Dalhús

Fjölnir - Haukar, úrvalsdeild kvenna

11. okt. kl. 19.30, Víkin

Víkingur - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KARLA:

FH - Grótta: 30-27

Stjarnan - Haukar: 26-30

Körfubolti:

7. okt. kl. 17.15, Ásvellir

Haukar - Njarðvík, úrvalsd. kvenna

1. okt. kl. 19.15, Stykkishólmur

Snæfell - Haukar, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Stjarnan: (miðv.dag)

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**Hönnun
& umbrot****HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.**

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÓRDUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

Óánægja með óbyggða lóð

Átti að vera fullfrágengið 2008 en nýtt deiliskipulag samþykkt 2016

Íbúar við Skipalón hafa lengi verið ósáttir við að ekki hafi verið lokið við að byggja á lóðinni Skipalón 5 og ganga frá lóðinni. Skv. upphaflegu skipulagi átti að vera þar einnar hæðar samkomusalur og sameiginlegt opið svæði en á síðasta ári var samþykkt að þarna risi hús á 2 hæðum með 6 smáíbúðum sem skyldu geta þjónað hreyfihömluðum. Sú skipulagsbreyting finnst þó ekki með einföldum hætti á vef bæjarins.

Stjórn Húsfélagsins Skipalón 5 sendi þann 7. júní sl. erindi til byggingarfulltrúa þar

sem upplýst er að lóðin að Skipalóni 3 sé í dag lýti á annars grónu og fallegu umhverfi og íbúum til ama. Það var fyrst sl. þriðjudag sem skipulags- og

byggingarráð Hafnarfjarðar tók erindi fyrir og beinir þeim tilmælum til Skipalóns 7 ehf. lóðarhafa Skipalóns 3 að núverandi ásigkomulag lóðar

sé óásættanlegt og vekur jafnframt athygli á þeim tímamörkum sem sé að finna í 8. gr. lóðarsamnings.

Þau tímamörk eru hins vegar



Íbúar eru ósáttir að horfa upp á frárennslislagir og kapla frá því vinnuskúrar stóðu þarna.



Þarna á að koma sameiginlegt opið svæði og neðst á lóðinni eiga að risa 6 smáíbúðir.

löngu liðin en þar eru ákvæði um að lóðarhafa sé skylt að valda ekki eigendum næstliggjandi húsa tjóni með óhæfilegum drætti á byggingarframkvæmdum.

Tveir íbúar sama húss sendu þann 22. september erindi til bæjarstjóra þar sem hann var hvattur til að ganga í málið og spurðu hvort verktakar megji hafa lóðir ófrágengnar með tilheyrandi sóðaskap, innan um fullbyggðar blokkir með snyrtilegum gördum. Segja þeir langlundargeð íbúa á þrotum.

Hratt unnið í Lækjargötu

Reiknað með að opna í götuna í nóvember í stað desember



Framkvæmdir við Lækjargötu hafa gengið mun hraðar en menn þorðu að vona að sögn Helgu Stefánsdóttur verkefnisstjóra hjá Hafnarfjarðarbæ. Verið er að skipta út öllum lögnum og lauk fyrsta áfanga, frá Fjarðargötu að Strandgötu mun fyrr en áætlað.

Í framhaldinu verður ný göngu-leið meðfram læknum opnuð en rými fæst þar sem Lækjargatan færirst örlítið í suður og hangandi timburgöngubraut verður aflögð.

TAX FREE dagar

FJÖRDUR



TAX FREE dagar

FJÖRDUR



TAX FREE dagar

FJÖRDUR



FJÖRÐAR fréttir

TAX FREE dagar



TAX FREE dagar



TAX FREE dagar

